



Borgarráð

Reykjavík, 29. ágúst 2025
SFS23090177

Samstarfssamningur við Móðurmál, samtök um tvítyngi

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. ágúst 2025 voru lögð fram drög að samstarfssamningi við Móðurmál, samtök um tvítyngi ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. ágúst 2025 og reglum Reykjavíkurborgar um styrki, dags. 25. maí 2017.

Erindið var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst,

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Samstarfssamningur við Móðurmál, samtök um tvítyngi

Minnisblað, dags. 20. ágúst 2025

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki, dags. 25. maí 2017



Reykjavík



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, annars vegar og Móðurmál - samtök um tvítyngi, kt. 421101-2990, hins vegar, gera með sér svohljóðandi

Samstarfssamning

1. gr.

Markmið

Í lögum nr. 91/2008, um grunnskóla og lögum nr. 19/2013, um samning sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er kveðið á um mikilvægi þess að viðurkenna kunnáttu barna í móðurmáli sínu og veita þeim tækifæri til að viðhalda því. Í aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir: „Mikilvægt er að bjóða nemendum kennslu í eigin máli þar sem þeir eiga þess kost að læra um mál, bókmenntir og menningu og fá þjálfun í málnotkun“. Lykillinn að því að börn þrói með sér virkt tvítyngi, þ.e. sterkt móðurmál um leið og þau læra íslensku sem annað tungumál, er falinn í góðu samstarfi foreldra og kennara um þróun máls og læsis. Markmið þessa samnings er að styðja við móðurmál tvítyngdra barna og auka möguleikann á því að börn þrói með sér virkt tvítyngi.

Markmið þessa samnings er jafnframt að gera þjónustu samtaka um Móðurmál gjaldfrjálsa fyrir börn með lögheimili í Reykjavík til að tryggja aðgengi að móðurmálskennslu án tillits til efnahags og stuðla að því að börn með annað móðurmál en íslensku geti nýtt frístundakort sitt til að taka þátt í öðrum frístundum, sem er hverju barni nauðsynleg.

2. gr.

Styrkur skóla- og frístundasviðs og framlag Móðurmáls.

Samningurinn felur í sér að Reykjavíkurborg greiðir Móðurmáli kr. tíu milljónir (kr. 10.000.000,-) vegna barna á aldrinum þriggja til sextán ára með lögheimili í Reykjavík sem stunda nám hjá samtökunum á samningstíma þessa samstarfssamnings.

Greiðsla skal innt af hendi í eingreiðslu inn á bankareikning styrkþega nr. 0101-05-264557 eigi síðar en 15. nóvember 2025.

Samningurinn felur í sér að Móðurmál skuldbindur sig til að:

- a) Kenna börnum móðurmál þeirra á tímanum frá september til maí samkvæmt fyrirbyggjandi skipulagi.
- b) Stuðla að frekari þróun starfsemi samtakanna m.a.
 1. Vinna að því að fjölga tungumálum sem hægt er að kenna á vegum samtakanna Móðurmál með það að markmiði að jafnræði gildi milli barna í Reykjavík að erlendum uppruna.
 2. Stuðla að starfsþróun þeirra kennara sem starfa á þeirra vegum.
 3. Vinna að samræmingu námskrár þannig að hún taki mið af viðurkenndri framsetningu tungumálanáms (námskrá í erlendum tungumálum samkvæmt aðalnámskrá eða Evrópska tungumálarammanum).



4. Koma niðurstöðum námsmats í móðurmálsnámi til grunnskóla nemenda með samþykki foreldra.
5. Standa árlega fyrir foreldrafundum í samstarfi við skóla- og frístundasvið og SAMFOK þar sem fjallað er um menntun í Reykjavíkurborg.
6. Útbúa upplýsingar um starfsemina sem hægt er að kynna foreldrum í verkefninu „Velkomin í hverfið“ og í foreldraviðtölum í leik- og grunnskóla.

Samningurinn felur einnig í sér að skóla- og frístundasvið skuldbindur sig til að:

- Kynna starfsemi Móðurmáls fyrir stjórnendum og starfsfólki leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs.
- Stuðla að því að nám hjá Móðurmál verði metið sem val í grunnskóla og námsmat birtist í námsmati viðkomandi grunnskóla.
- Fjalla um menntun í Reykjavík á árlegum foreldrafundum hjá Móðurmál.
- Að kynning á starfsemi Móðurmál verði hluti af verkefninu „Velkomin í hverfið“ og á fyrstu foreldrafundum nýrra nemenda af erlendum uppruna.

3. gr.

Samskipti og starfhættir

Móðurmál – samtök um tvítýngi koma sér saman um nánari reglur og starfshætti vegna samstarfs við Vinasamtök pólska skólans.

Ekki er gert ráð fyrir töku ákvarðana um réttindi og skyldur barna á grundvelli stjórnsýslulaga.

4. gr.

Starfsfólk

Allt starfsfólk Móðurmáls sem starfar við kennslu samkvæmt samningi þessum heyrir undir Móðurmál sem ber ábyrgð á starfsfólki sínu.

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu um það sem það fær vitneskju um í tengslum við framkvæmd verkefnisins, sbr. X kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og ber að láta það undirrita yfirlýsingu um trúnað.

Til samræmis við 1. mgr. 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 skal miða við að þeir sem starfa með eða hafa umsjón með börnum og ungmennum í starfinu séu lögráða og hafi þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins.

Jafnframt gildir samkvæmt 3. mgr. 10. gr. æskulýðslaga að óheimilt er að ráða til starfans aðila til að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsíðm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsíðm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.

Við upphaf samningstíma skal Móðurmál sjá til þess að fyrir liggi samþykki allra starfsmanna hans, sem starfa munu að verkefninu heimilt sé að afla upplýsinga úr sakaskrá þeirra um brot



skv. XXII. kafla (kynferðisbrot) (engin tímamörk) og XXIII. kafla (ofbeldisbrot) almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (síðustu fimm ár), auk brota gegn lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni (síðustu fimm ár). Áður en kennsla hefst ber því að staðreyna að sá sem sinnir starfinu hafi ekki hlotið refsí dóma fyrir þau brot, sem að framan greinir og teljist hæfur til að veita þjónustuna, sbr. jafnframt 3. mgr. 10. gr. æskulýðslaga.

5. gr.

Upplýsingar um stöðu verkefna

Í lok skólaársins 2025 - 2026 skilar Móðurmál skóla- og frístundasviði greinargerð um framkvæmd verkefnisins.

6. gr.

Vanefndir

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að rifta samningnum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannarlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu samningsaðila. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningnum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samnings þessa skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

7. gr.

Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

8. gr.

Gildistími, reglur o.fl.

Um samninginn gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki, samþykktar í borgarráði þann 25. maí 2017, með síðari breytingum. Geta skal þess í kynningarefni að verkefnið njóti styrks frá Reykjavíkurborg.

Skv. reglum Reykjavíkurborgar um styrki skulu þeir, sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg, skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar. Sérstaklega skal greint frá því hvaða áhrif styrkurinn hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks, sbr. mannréttindastefnu Reykjavíkur. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði <http://www.reykjavik>.



Skv. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar eru styrkir borgarinnar bundnir því skilyrði að unnið sé gegn mismunum og að jafnrétti. Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar getur krafist viðtakanda styrks um greinargerð um ráðstöfun hans til að fylgjast með því að hann sé nýttur á jafnréttisgrundvelli.

Samningurinn gildir til eins árs vegna skólaársins 2025-2026 og fellur sjálfkrafa úr gildi þann 6. júní 2026.

Samningurinn verður endurmetinn í júní 2026 og fram að þeim tíma verði unnið að frekari þróun námsmats og birtingu þess, námsviðmiða, upplýsingagjafar til grunnskóla og foreldra og uppbyggingu gjaldskráa.

Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirfram fengnu skriflegu samþykki hins.

Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila hvenær sem er á samningstímabilinu með 1 mánaða fyrirvara miðað við næstu mánaðamót eftir uppsögn. Uppsögn skal vera skrifleg.

Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Viðauki:



Fskj. 1: Reglur um styrki



Reykjavík, 20. ágúst 2025

SFS23090177

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samningur við Móðurmál – samtök um tvítyngi

Lagt er til að samþykkt verði að gera meðfylgjandi samning við Móðurmál – samtök um tvítyngi. Samkvæmt samningnum greiðir Reykjavíkurborg samtals kr. 10.000.000 vegna skólaársins 2025-2026 vegna kennslu barna í móðurmáli þeirra. Um er að ræða börn á aldrinum þriggja ára til sextán ára. Samningurinn fellur sjálfkrafa úr gildi þann 6. júní 2026.

Forsagan er sú að á fundi borgarráðs þann 8. júní 2023 var samþykkt að fela skóla- og frístundasviði að fara í viðræður við Móðurmál – samtök um tvítyngi og Pólska skólann (Vinasamtök Pólska skólans er rekstraraðili) með það að markmiði að gera þjónustu þeirra gjaldfrjálsa. Markmiðið með því að gera samning um aukinn stuðning við Móðurmál og Pólska skólann er að kennsla barna með lögheimili í Reykjavík verði endurgjaldslaus. Það myndi tryggja aðgengi að móðurmálskennslu án tillits til efnahags og stuðla að því að börn með annað móðurmál en íslensku gætu nýtt frístundakort sitt til að taka þátt í öðrum frístundum. Lagt er til að gerður verði nýr samningur vegna skólaársins 2025-2026.

Kostnaðurinn rúmast innan fjárheimilda sviðsins.

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 25.maí 2017

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

1. kafli. Markmið.

1. gr.

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsörðun borgaryfirvalda.

2. gr.

Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

3. gr.

Með styrkjum skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsörðun borgaryfirvalda. Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar. Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts.

2. kafli. Ábyrgð.

4. gr.

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Borgarráð getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði af styrkjalið borgarráðs.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð langtímasamninga, sem falla utan við verksvið fagnefnda borgarinnar. (Borgarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.)

5. gr.

Fagnefndir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

Einstaka fagnefndir skulu gera samþykkt um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

6.gr.

Skrifstofa borgarstjórnar fer með ábyrgð á umsjón styrkjamála miðlægt og styrkumsóknum sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og árleg auglýsing ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

3. kafli. Meðferð og afgreiðsla umsókna og styrkja

7.gr.

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

8. gr.

Auglýst skal fyrir 1. september ár hvert eftir almennum umsóknum um styrki til Reykjavíkurborgar. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum einn mánuður og úthlutun nefnda og ráða sé lokið í árslok. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn, auk annarra hagnýtra upplýsinga. Þá skal koma fram í auglýsingu að styrkveiting feli í sér að umsækjendur undirgangist ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki

9. gr.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og á stofnunum borgarinnar.

Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings
- Aðrar upplýsingar, ef við á.
- Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja.

10.gr.

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins; d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur; e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn g) því hve vel þær falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á www.reykjavik.is og hjá stofnunum borgarinnar.

Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinna þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.

11. gr.

Framkvæmdastjórar fagnefnda leggja umsóknir fyrir nefndir með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykktra markmiða og vinnulags viðkomandi nefndar.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

12. gr.

Styrkveiting gildir fyrir næsta fjárhagsár. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Nefndir skulu leggja styrkjasamninga, sem taka til lengri tíma en eins árs fyrir borgarráð til samþykktar.

13. gr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

14. gr.

Að jafnaði skulu styrkir allt að 1 m.kr. greiddir í einu lagi, styrkir á bilinu 1-2 m.kr. í tvennu lagi, styrkir á bilinu 2-3 m.kr. í þrennu lagi, en hærri styrkir ársfjórðungslega. Sama gildir um greiðslur vegna styrksamninga. Greiðslur fara fram 16.-18. mars, júní, september og desember.

15.gr.

Fagnefndir skulu leggja yfirlit veittra styrkja fyrir borgarráð til kynningar eins fljótt og auðið er. Þær annast jafnframt almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

16.gr.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

4. kafli. Gildistaka

17. gr.

Reglur þessar svo breyttar taka gildi frá og með samþykkt í borgarráði 25.maí 2017 og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af borgarráði.